



GEFIÐ ÚT MÁNAÐARLEGA AF FÉLAGI ÍSLENZKRA ÍÐNREKENDA

Þorbjörn Sigurgeirsson, eðlisfræðingur:

## Leit að geislavirkum efnum í náttúrunni

Við leit að geislavirkum efnum, svo sem úranium og þorium, í náttúrunni, er einkum stuðzt við geislun þá, sem þau senda frá sér. Geislun þessi er brennsl konar, alfa, beta og gammageislun. Alfageislarnir draga mjög skammt. Þeir komast ekki 10 sentimetra í lofti og stöðvast af þunnu pappirsblaði. Betageislarnir geta komið nokkra metra í lofti, en stöðvast af fárra millimetra þykkum steini eða málmplötu. Gammageislarnir komast nokkur hundruð metra í lofti og nokkra tugi sentimetra í bergi, og það eru einkum þeir, sem notaðir eru við leit að geislavirkum efnum. Tæki, sem næmt er fyrir geislum þessum er borið yfir svæði það, sem kanna skal, annaðhvort í flugvél, í bíl, á hestbaki eða gangandi og útslag tækisins stöðugt athugað. Þannig fæst hugmynd um hversu mikil af geislavirkum efnum er í þeim jarðefnum, sem næst liggja yfirborðinu og má telja, að á þennan hátt sé fært að rannsaka svo sem hálfs metra þykkt lag, en þar sem þykkt jarðvegs er 1 metri eða meira, gætir geislunar berggrunnsins sára lítið. Ef einhversstaðar verður vart sérstaklega mikillar geislunar, er tekið sýnishorn til frekari rannsóknar.

Tæki það, sem mest hefur verið notað við leit að geislavirkum efnum, er Geiger-teljarinn. Hann gengur fyrir rafhlöðum og er léttur og handhægur í notkun. Vissa aðgæzlu þarf þó við notkun hans, annars getur hann gefið alrangar niðurstöður.

Annað tæki, sem mikil er farið að nota við leit að geislavirkum efnum er kristalteljarinn, sem er margfalt næmari en Geiger-teljarinn, en hann hefur þann ókost að vera öllu vandasamari í meðferð en Geigerteljarinn og einnig miklu dýrarí.

Geislavirkra efna hefur litt verið leitað á Íslandi. Þó hafa verið tekin nokkur hundruð sýnishorn úr bergi viðsvegar að af landinu og geislun frá þeim mæld. Geislun sýnishorna þessara sýnir, að þau innihalda öll minna en 20 g. af úranium í tonni af grjóti, en úraniuminnihaldið þyrfti að vera a. m. k. 10 sinnum meira til að hafa nokkra hagnýta þýðingu. Yfirleitt má telja, að ekki séu miklar líkur til þess að hér á landi finnist úranium eða þoríumnámur. Bergið er jarðfræðilega ungt, svo líttíl hefur unnist til þess að málmar gætu skilizt úr bergeninu og setzt fyrir annarsstaðar. Auk þess er íslenzki berggrunnurinn aðallega basalt, en það er yfirleitt mjög snautt af geislavirkum efnum. Fyrir það er þó ekki að synja, á meðan rannsóknir vantar, að málmar þessir kunni að hafa safnæzt saman á einhverjum stöðum, einkum þar sem jarðhiti hefur verið að verki í langan tíma.